



Opinn fundur í Urðarbrunni 14. febrúar 2018

Kristinn Þorsteinsson (KP) bauð alla velkomna um leið og hann hóf fundinn.

KP byrjaði fundinn á því að fara yfir hvernig hafði verið unnið úr þeim ábendingum sem komu fram á síðasta fundi m.a. að nemendur hafa nú aðgang að vatnsglösum og fengist hefur leyfi til að mála Urðarbrunn svo hann þjóni leikfélaginu betur.

Fríða Gyldadóttir kynnti Imbruna og hvatti alla til að skrá sig á viðburði. Sumir viðburðir kosta og takmarkaður fjöldi kemst að. Sýnt var kynningarmyndband fyrir Imbruna.

Nemendafélag FG tók við keflinu.

- Rebekka Þurý hvatti nemendur til að sækja skólaskírteinin sín á skrifstofu nemendafélagsins.
- Gettu betur – skólinn er kominn í 8 liða úrslit. FG/Versló nk. föstudag og 70 nemendur fá að fara í sjónvarpssal að hvetja sitt fólk. Fyrstur kemur fyrstur fær 😊
Mæting kl. 19:30.
- Nk. föstudag verður grillað í hádeginu og lan í skólanum eftir að Gettu betur lýkur, frá kl. 22 – 08. Þeir sem ekki eru orðnir sjálfráða þurfa að skila inn leyfisbréfi.
- Skíðaferð er áætluð 7. – 9. mars.
- Lasertag verður í skólanum 16. mars, mun kosta 1.990 kr.
- Fésbókarsíða nemendafélagsins hefur legið niðri síðan í janúar. Rebekka spurði salinn hvort upplýsingar til nemenda væru ekki að skila sér – það virtist svo vera.
- Í apríl er fyrirhugað að hafa keilumót.
- Kosning nýrrar stjórnar fer fram í apríl.
- Árshátíðarmyndband sýnt
 - Það verður mandla í eftirréttinum
 - Árshátíðin verður í Mýrinni
 - Pakkinn kostar 7.500 krónur (leiksýning, matur og ball)
 - Erpur verður veislustjóri
 - Jón Jónsson verður skemmtistjóri
 - Miðasala hefst á morgun, 15.02 kl. 10:10
 - Ballið verður til kl. 02
 - Þemar er Masquerade
- Leikritið sem frumsýnt verður á árshátíðardaginn er *Pétur Pan*. Margir búnir að leggja mikla vinnu í að sýningin verði að veruleika, m.a. frumsamin lög.

Spurningar úr sal:

- Er hægt að kaupa miða á bara á sýninguna, ballið eða bara í matinn?
 - Á árshátíðardaginn er hægt að kaupa miða á ballið eða allan pakkann.



- Hvað eiga þeir sem eru í leiksýningunni að borga?
 - Það er verið að vinna í því.

Hér kom fram að þeir sem taka á einhvern hátt þátt í leiksýningunnu þurfa ekki að skrá sig á Imbruviðburði.

- Hvað má bjóða mörgum með sér á ballið?
 - Tveimur
- Hvað kostar bara á leikritið?
 - 2500 kr.
- Er aldurstakmark á árshátíðina?
 - Miðað er við að allir hafi náð framhaldsskólaaldri.
- Verða armbönd eða miðar?
 - Miðar og hver og einn þarf að passa sinn miða. Sami miði gildir inn á leiksýninguna, í matinn og á ballið.
- Er „dresscode“?
 - Þemað er Masquerade og seldar verða grímur fyrir matinn. Að öðru leyti verður ekki hvatt til neins varðandi klæðnað.
- Er hægt að setja upp myndavélar á bílplanið?
 - Nei, KP hvatti alla til að fara varlega og að láta vita ef maður er valdur að óhappi á planinu

Sagt var frá ruslatunnum fyrir lífrænan úrgang.

Partý verður í skólanum, á kaffistofu starfsmanna, eftir matinn og fyrir ballið. Jón Jónsson mun stjórna fjörinu. Frítt fyrir alla sem vilja.

Í lokin var sýnt myndband með árshátíðarlaginu sem Rollan gerði.

Fundi slitið.

Fundarritari, Kristín Helga